

Sveitarstjórnir Borgarfjarðarhrepps, Breiðdalshrepps, Djúpavogshrepps, Fjarðabyggðar, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps gera með sér samning um:

Sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands um þjónustu við fatlað fólk

1. Forsendur

- 1.1. Þann 1. janúar 2011 taka sveitarfélög við þeirri þjónustu sem ríkið hefur veitt fötluðu fólki.
- 1.2. Til að tilfærslan verði árangursrík þurfa sveitarfélögin að hafa faglegan og fjárhagslegan styrk á sviði félagsþjónustu.
- 1.3. Við allan undirbúning að tilfærslu þjónustunnar hefur verið miðað við að þjónustusvæði hafi að lágmarki átta þúsund íbúa.
- 1.4. Aðildarsveitarfélög þessa samnings eru staðráðin í að takast á við ný verkefni og áskoranir af metnaði og fagmennsku.
- 1.5. Í ljósi þessa hafa sveitarfélögin ákveðið að sameinast um þjónustu við fatlað fólk á grundvelli samstöðu og samábyrgðar.

2. Þjónustusvæði Austurlands

- 2.1. Aðildarsveitarfélög Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) mynda sameiginlegt þjónustusvæði um þjónustu við fatlað fólk.
- 2.2. Félagþjónustusvæðin tvö á Austurlandi mynda grunneiningar þjónustusvæðisins.
- 2.3. Þjónusta við fatlað fólk verður samþætt félagsþjónustu sveitarfélaganna, þannig að fatlað fólk njóti heildstæðrar nærþjónustu hjá félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags.
- 2.4. Félagþjónustur hafa sveigjanleika til að veita þjónustu í samræmi við áherslur og aðstæður á hverju svæði fyrir sig.
- 2.5. Þjónusta innan svæðisins er veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir um veitingu hennar á mati á þjónustuþörf. Sá sem er metinn er í mestri þörf fyrir búsetuþjónustu á sambýlum eða þjónustu- og íbúðakjörnum skal jafnan hafa forgang að slíkri þjónustu, óháð búsetu. Félagþjónustur og skjólstæðingar þeirra hafa jafnan aðgang að sérhæfðri þjónustu einstakra félagsþjónustusvæða, sbr. grein 5.2.

3. Stjórn þjónustusvæðisins

- 3.1. Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands (SKA), sem er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á starfssvæði SSA, ber ábyrgð á framkvæmd samningsins gagnvart sveitarstjórnunum. Er kveðið á um hana í samningi um byggðasamlagið. Stjórn SKA fjallar ekki um málefni einstaklinga. Verkefni stjórnarinnar eru að:
 - 3.1.1. Að taka stærri og stefnumarkandi ákvarðanir varðandi framkvæmd samningsins.
 - 3.1.2. Að samþykkja fjárhagsáætlun B-deildar SKA vegna þjónustu við fatlað fólk.
 - 3.1.3. Að annst eftirlit og yfirsýn með nýtingu fjármuna vegna þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæðinu.

- 3.1.4. Að annast samskipti við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og tryggja hagsmuni þjónustusvæðisins í því sambandi.
- 3.2. Framkvæmd samningsins er í höndum félagsþjónusta sveitarfélaganna:
 - 3.2.1. Félagþjónustu Fljótsdalshéraðs, sem einnig þjónar íbúum Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshrepps og Djúpavogshrepps.
 - 3.2.2. Félagþjónustu Fjarðarbyggðar, sem einnig þjónar íbúum Breiðdalshrepps.
- 3.3. Samhæfing þjónustu er í höndum þjónustuhóps sem starfar með stjórn SKA. Þjónustuhópurinn er skipaður fimm fulltrúum, þ.e. forstöðumaður Skólaskrifstofunnar, félagsmálastjórum félagsþjónustusvæðanna beggja og tveimur fagmönnum á sviði málefna fatlaðs fólks. Um störf þeirra á vettvangi þjónustuhópsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og annarra laga um opinbera stjórnsýslu. Hópurinn kýs sér sjálfur formann. Hlutverk þjónustuhópsins eru að:
 - 3.3.1. Gera tillögur um starfsreglur þjónustuhóps og stærri ákvarðanir til stjórnar SKA.
 - 3.3.2. Að gera tillögur til stjórnar SKA um uppbyggingu þjónustustofnana á þjónustusvæðinu.
 - 3.3.3. Hafa reglulegt samstarf við fatlað fólk, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu og er í því sambandi heimilt er að bjóða hagsmunaaðilum setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti, þó ekki þegar fjallað er um málefni einstaklinga.
- 3.4. Félagþjónustusvæðin tvö skulu hafa með sér skipulagt samstarf um fagleg málefni vegna þjónustu við fatlað fólk. Það samstarf skal leitt af félagsmálastjórum félagsþjónustusvæðanna tveggja.
- 3.5. Sveitarfélög á hvoru félagsþjónustusvæði fyrir sig geta gert með sér samning um nánara fyrirkomulag þjónustunnar.
- 3.6. SKA ræður starfsmann til að sinna fjármálalegri umsýslu með ofangreindum verkefnum og öðrum verkefnum samkvæmt ráðningarsamningi.

4. Markmið og stefnumótun

- 4.1. Markmið samningsins eru einkum að:
 - 4.1.1. Tryggja fötluðu fólki samþætta og heildstæða nærþjónustu.
 - 4.1.2. Laga þjónustu að þörfum og óskum fatlaðs fólks með hliðsjón af ólíkum aðstæðum og stuðla þannig að auknu sjálfstæði þeirra.
 - 4.1.3. Efla félagsþjónustu á svæðinu.
 - 4.1.4. Þróa samstarf sveitarfélaga á svæðinu.
 - 4.1.5. Stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta.

5. Verkefni og rekstrareiningar

- 5.1. Félagþjónustur annast þjónustu við fatlað fólk, hver á sínu starfssvæði:
 - 5.1.1. Ráðgjöf og aðra stuðningsþjónustu við fatlað fólk og fjölskyldur þeirra, svo og þá sem veita þeim þjónustu.
 - 5.1.2. Rekstur sambýla, þjónustu- og íbúðakjarna (búsetuþjónustu).
 - 5.1.3. Þjónustu til stuðnings sjálfstæðri búsetu.
 - 5.1.4. Stuðningsfjölskyldur.

- 5.1.5. Gerð samninga við félagasamtök og/eða fyrirtæki. (Skýring: Við undirritun samnings þessa eru í gildi þjónustusamningar vegna vinnu og verkþjálfunar við tvo rekstraraðila; Jónsver á Vopnafirði og Ullarvinnslu Frú Láru á Seyðisfirði).
- 5.2. Einstakar félagsþjónustur annast rekstur sérhæfðra þjónustueininga fyrir allt þjónustusvæðið:
- 5.2.1. Félagþjónusta Fljótsdalshéraðs: Kompan – geðræktarmiðstöð; Stólpi – vernduð vinna, hæfing og verkþjálfun.
- 5.2.2. Félagþjónusta Fjarðabyggðar: Skammtímavistun á Bakkabakka og Skammtímavistun í Melgerði.
- 5.3. Félagþjónustum er heimilt eftir samráð í þjónustuhópi og stjórn SKA og með hæfilegum fyrirvara að setja upp sambærilegar þjónustueiningar og nefndar eru í gr. 5.2.
- 5.4. Verkefni þjónustuhóps eru:
- 5.4.1. Samhæfing þjónustu innan þjónustusvæðis. Í þessu felst meðal annars: (a) samhæfing um hlutverk, verkaskiptingu og nýtingu þjónustueininga, (b) samráð vegna biðlista á þjónustusvæðinu (c) meta breytingar á þjónustupörf og gera tillögur að uppbyggingu og þróun þjónustunnar á Austurlandi.
- 5.4.2. Verkefni á sviði árangurstjórnunar og eftirlits. Í þessu felst meðal annars: (a) samhæfing árangursmats, (b) samhæfing gæðastjórnunar, (c) samhæfing innra eftirlits og (d) upplýsingaöflun og skýrslugerð.
- 5.4.3. Verkefni á sviði fjármála: Í þessu felst meðal annars: (a) undirbúningur áætlanagerðar og eftirlit vegna B-deildar SKA, (b) þátttaka í gerð sameiginlegs ársreiknings þjónustusvæðisins, (c) tillögur um jöfnunarframlög og tillögur um verklagsreglur í því sambandi, (d) ákvarðanir um framlög vegna ófyrirséðra útgjalda og tillögur um verklagsreglur í því sambandi.

6. Fjármögnun

- 6.1. Aðilar þjónustusvæðisins bera ábyrgð á fjármögnun þjónustu innan svæðisins eins og nánar er kveðið á um í samningum.
- 6.2. 95% framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem byggja á mati á þjónustupörf tiltekinna einstaklinga, renna til þess félagsþjónustusvæðis sem veita viðkomandi einstaklingum þjónustu, í gegnum B –deild SKA.
- 6.3. Tekjur af rekstri einstakra þjónustueininga renna til rekstraraðila.
- 6.4. Til B-deildar SKA renna eftirfarandi tekjur:
- 6.4.1. 0, 25% af útsvarsstofni aðildarsveitarfélaga þjónustusvæðisins.
- 6.5. Byggi framlög Jöfnunarsjóðs tímabundið og að hluta til á framreiknuðum rekstrar-kostnaði ársins 2010, mun skipting þeirra framlaga byggja á framreiknuðum rekstrarkostnaði ársins 2010 innan einstakra félagsþjónustusvæða.
- 6.6. Stjórn SKA tekur ákvarðanir um ráðstöðvun sérstakra framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, til dæmis vegna breytingakostnaðar.
- 6.7. Heimilt er að breyta hlutfallstölum samkvæmt þessum kafla samningsins að tillögu þjónustuhóps og með samþykki stjórnar SKA.

7. Útgjöld

- 7.1. Félagsþjónustusvæði bera sjálf kostnað vegna almennrar þjónustu við fatlað fólk, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðra.
- 7.2. Fasteignir sem nýttar eru vegna þjónustu við fatlaða sem og tekjur og útgjöld vegna þeirra eru á forræði einstakra félagsþjónustusvæða.
- 7.3. B-deild SKA ber kostnað vegna eftirfarandi þátta:
 - 7.3.1. Framlaga vegna jöfnunar og ófyrirséðs kostnaðar.
 - 7.3.2. Launa starfsmanns sbr. gr. 3.6 og beins kostnaðar sem fylgir starfi hans, s.s. vegna ferða og endurmenntunar.
 - 7.3.3. Tilfallandi kostnaður, enda sé ráð fyrir honum gert í fjárhagsáætlun.

8. Jöfnun og ófyrirséður kostnaður

- 8.1. Árlega skal verja ákveðnum hluta tekna B-deildar SKA til jöfnunar milli félagsþjónustusvæða.
- 8.2. Jöfnunin skal fyrst og fremst byggja á fjölda og þjónustuþörf fatlaðra einstaklinga sem ekki falla undir jöfnunarframlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, að teknu tilliti til íbúafjölda félagsþjónustusvæða.
- 8.3. Árlega skal verja ákveðnum hluta tekna B-deildar SKA til að mæta ófyrirséðum kostnaði einstakra félagsþjónustusvæða sem leitt getur af skyndilegum þjónustuþörfum notenda.
- 8.4. Framlög skulu fyrst og fremst mæta skyndilegum og ófyrirséðum kostnaði vegna einstaklinga sem fyrirsjáanlegt er að muni verða grundvöllur jöfnunarframlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- 8.5. Stjórn SKA setur verklagslegur vegna jöfnunar og ófyrirséðs kostnaðar.
- 8.6. Þjónustuhópur tekur ákvarðanir um framlög innan ramma verklagsreglna.

9. Eftirlit, mat á árangri og skýrslugerð

- 9.1. Komið skal á innra eftirliti með þjónustu sem skal að lágmarki uppfylla þær opinberu kröfur sem gerðar verða til slíks eftirlits.
- 9.2. Árangur þjónustunnar skal metinn reglulega og skal matið meðal annars byggja á viðhorfum notenda þjónustunnar og aðstandenda þeirra.
- 9.3. Gefa skal út sameinginlegan ársreikning þjónustusvæðisins sem inniheldur ársreikning B-deildar SKA og lykiltölur úr rekstri einstakra félagsþjónustusvæða.
- 9.4. Gefa skal út ársskýrslu um starfsemi þjónustusvæðisins, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir tölulegum upplýsingum sem lýsa eðli, umfangi og kostnaði þjónustunnar.

10. Meðferð ágreinings

- 10.1. Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum, sem ekki tekst að leysa innan stjórnar SKA, skal skipa sáttanefnd til að fjalla um ágreininginn og leita lausna á honum.
- 10.2. Í sáttanefnd skulu sitja þrír einstaklingar og skal einn tilnefndur af stjórn SSA, einn af félags- og tryggingamálaráðuneyti og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og skal hann vera formaður.
- 10.3. Sáttanefnd leggur fram tillögu til stjórnar SSA um lausn ágreiningsins.
- 10.4. Samþykki stjórn SSA ekki sáttatillögu skal sáttanefndin skera úr um ágreininginn.

11. Gildistími og endurskoðun

- 11.1. Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2011 og gildir til 31. desember 2014. Samningurinn er ekki uppsegjanlegur nema með samþykki allra samningsaðila.
- 11.2. Breytist forsendur samningsins geta samningsaðilar farið fram á endurskoðun hans. Breyttar forsendur teljast m.a.:
 - 11.2.1. Verulegar breytingar á ákvæðum laga um málefni fatlaðra um umfang og gæði þjónustu við fatlaða.
 - 11.2.2. Sameining sveitarfélaga eða breytingar á mörkum félagsþjónustusvæða.
 - 11.2.3. Umtalsverð röskun á högum aðildarsveitarfélags sem gerir því ókleyft að efna ákvæði samningsins.
 - 11.2.4. Samning þennan skal endurskoða fyrir 1. janúar 2012.
- 11.3. Samningsaðilar skulu ákveða sameiginlega fyrir 1. september 2014 hvort stefna skuli að endurnýjun samningsins.

Reyðarfirði 20. desember 2010,

Fyrir hönd Borgarfjarðarhrepps

Fyrir hönd Breiðdalshrepps

Fyrir hönd Djúpvogshrepps

Fyrir hönd Fjarðabyggðar

Fyrir hönd Fljótsdalshéraðs

Fyrir hönd Fljótsdalshrepps

Fyrir hönd Seyðisfjarðarkaupstaðar

Fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps